

**Tilmæli 12/2016**

Fyrri númer:
B 312/presidiet

Afgreiðsla:
Forsætisnefndin

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga um
fjárhagsáætlun Norrænu
ráðherranefndarinnar 2017

Málsnúmer: 16-00203-12

Fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2017

Samkvæmt 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 3. nóvember 2016 eftirfarandi tilmæli að tillögu forsætisnefndar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að veita 3,413 milljónir danskra króna til Nordjobb á árinu 2017.

að halda áfram að vinna með greiningu sem er hafin og sem snýr að samræmingu og gagnkvæmum skiptum á upplýsingum með tilliti til löggildingar starfsréttinda heilbrigðisstarfsfólks í þeim tilgangi að meta öryggi, sem og að veita allt að 0,3 milljónir danskra króna ef núverandi fjármögnun dugar ekki til.

að endurnýting úrgangs er forgangssvið í norrænu samstarfi; Norræna ráðherranefndin mun láta fram fara greiningu árið 2017 og ráðstafa nægjanlegu fjármagni til að varpa ljósi á hvort reglur í löndunum, styrkjakerfi og gjöld á úrgang stuðli að eða vinni gegn markmiðum um aukna endurnýtingu úrgangs;

að veita 1,0 m.da.kr. í að efla starf að samfélagsöryggi í Eystrasaltsríkjunum og á Eystrasaltssvæðinu;

að vinnan með líforku, þar á meðal matarúrgang, verði áfram mikilvægur þáttur norræns samstarfs. Á árinu 2017 fari fram rannsókn sem eigi að kanna möguleikana á áframhaldandi þróun norræns samstarfs á sviði lífeldsneytis og samgöngumála. Rannsóknin á að taka með hugsanlegar tillögur frá endurskoðuninni í orkumálum sem lýkur í mars 2017.

að ráðstafa allt að 1,0 milljón danskra króna til að gera greiningu á verkefnum um frjálst flæði vinnuafis og heilbrigða samkeppni á vinnumarkaðnum með sérstakri áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki í Eystrasaltsríkjunum.

Kaupmannahöfn, 10. nóvember 2016

Henrik Dam Kristensen
Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin
Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð

Tilmæli 12/2016

Fyrri númer:
B 312/presidiet

Afgreiðsla:
Forsætisnefndin

Fylgiskjal:
Ráðherranefndartillaga um
fjárhagsáætlun Norrænu
ráðherranefndarinnar 2017

Málsnúmer: 16-00203-12